

## **FULLTRÚAFUNDUR FF GRAND HÓTELI**

19. mars 2015

Fundur settur kl. 10:06

### **Dagskrá:**

#### **Kl. 9:45 Mæting og morgunhressing**

#### **Kl. 10:00 Setning – kosning fundarstjóra**

Guðríður Arnardóttir setur fundinn. Formenn félagsdeilda í 32 framhaldsskólum mættir. Skólamálanefnd, uppstillinganefnd og kjörstjórn.

Tillaga um að fundarstjórar verði Hermann Jón Tómasson og Lóa Steinunn Kristjánsdóttir samþykkt. Fundarritarar Guðrún Guðjónsdóttir og Einar Trausti Óskarsson.

Fundargögn hafa verið send fundarmönnum í tölvupósti.

#### **Kl. 10:15 Skýrsla um starfsemi FF og starfsáætlun. Guðríður Arnardóttir formaður FF**

Breytingar á starfsmannahaldi.

Erlent samstarf

Framlag úr félagssjóði KÍ 0,1% - mannauðspeningar sem félagsdeildir geta sótt um styrk til námskeiðshalds.

Starfsáætlunin var send í tölvupósti.

#### **Kl. 10:30 Ársreikningur FF 2014 – Guðríður Arnardóttir**

Endurskoðuð fjárhagsáætlun miðað við samþykktir framhaldsaðalfundar.

Hagnaður félagsins er rúmar 11 milljónir,

Lagt er til að fasteign félagsins verði seld, a.m.k. verði áhvílandi lán greitt upp.

Veltan er tæpar 30 milljónir og eignir tæpar 40 milljónir (með fasteign).

Óráðstafað eigið fé er rúmar 20 milljónir.

#### **Umræður um þessa tvo liði (starfsemi og starfsáætlun og ársreikninginn).**

Kristján Viggósson MÍ: Karlagata: tilgangslaust að hafa þessa eign á ársreikningi, það á að selja þessa eign. Lækka félagsgjöld.

- Guðríður svarar þessu og er sammála því að félagið á ekki að reka leigufélag. Íbúðin var keypt þegar Aðalheiður var kosin formaður félagsins þar sem hún var búsett fyrir norðan. Leigan er aðeins undir meðaltali leiguverðs í hverfi 105. Vegna hækkandi fasteignaverðs hefur eignin skilað nokkrum arði. Íbúðin verður sett á sölu von bráðar.

Hvar er hægt að nálgast ársreikningana.

- þeir eru komnir á netið.

#### **10:55 Kosningar – framboðsfrestur**

Uppstillingarnefnd: Halldóra Sigríður Sigurðardóttir og Guðjón Ragnar Jónasson ítrekuðu ákall eftir framboðum í embætti varamanns í stjórn FF. Elías Þorsteinsson sagði af sér á síðasta ári og því þarf að kjósa nýjan varamann í hans stað. Framboðsfrestur aukinn til kl. 12:00.

## **Kl. 11:00 Stutt kaffihlé**

### **Kl. 11:15 Ársreikningur Vísindasjóðs FF/FS 2014, fulltrúar FF í stjórn Vísindasjóðs FF/FS**

Erla Elín Hansdóttir fulltrúi í stjórn sjóðsins:

Skuggi yfir samskiptum sjóðsins við KÍ. KÍ tekur á móti framlögum félaga í launalausum leyfi, barneignaleyfi og ýmissa annarra. Aðrar greiðslur koma frá KÍ án skýringar. Farið var fram á skýringar frá KÍ á þessum greiðslum. Sáttafundur haldinn, fyrst í júlí og svo áfram fram á haustið. KÍ viðurkennir eignarrétt Vísindasjóðs á bókhaldsgögnum en gögnin voru þó ekki afhent strax. Upplýsingar sem hafa borist eru mjög torræðar og illskiljanlegar. Þar til þetta mál verður útkljáð fyrir dómsstólum þarf sjóðurinn að eiga um 29 milljónir til að reka málið.

Stjórn Vísindasjóðs boðið að koma á fundi trúnaðarmanna hér áður fyrr. Það hefur lagst af og vill Erla fá boð á fundina til að tryggja tengsl við félagsmenn.

Guðlaugur Guðmundsson endurskoðandi sjóðsins:

Uppkast að ársreikningi hefur verið sent fundarmönnum í tölvupósti. Ekki er búist við að breytingar verði í endanlegri gerð.

Rúmar tvær milljónir berast sjóðnum frá KÍ. Þessar greiðslur eru án skýringa og vinnur stjórnin nú að því að rekja þær til sjóðsfélaga. Þeir sem eiga þessar greiðslur fá ekki styrki úr sjóðnum.

### **Kl. 11:30 Fyrirspurnir um skýrslu og ársreikninga FF og ársreikning Vísindasjóðs FF/FS**

Kristján Viggósson: Hafa fjármunir farið úr sjóðnum með ólögætum hætti.

Erla: Það hefur ekki verið sannað en greiðslur hafa farið fram án vitundar stjórnar.

Er hægt að lögsækja þá starfsmenn sem hafa framkvæmst þessar greiðslur?

Gísli Þór Sigurþórsson, fulltrúi í stjórn Vísindasjóðs: Reglur um úthlutanir eru mjög skýrar. Félagsmenn mega þó vera þolinmóðari og kurteisari í fyrirspurnum sínum til sjóðsins. Þetta mál er í farvegi.

Gylfi Þorkelsson FSU: Ný stjórn Vísindasjóðs hefur sýnt fram á að gamla stjórnin hefur haft rétt fyrir sér. Vonandi styður stjórn FF betur við bakið á nýrri stjórn en þeirri gömlu sem lá oft undir ámæli um slök vinnubrögð.

Jón Gunnar: Mótkrifa frá KÍ upp á 20 milljónir – hvað var það?

Erla og Guðlaugur: Ekkert sérstakt sem þessar kröfur ná yfir, alls kyns smáatriði t.d. þjónustugjald. Passað upp á að eiga fyrir málsókn.

Brynjólfur: Er óþarfi að eiga ársframlög inni?

Guðlaugur: Þetta er öryggisatriði vegna ástandsins gagnvart KÍ.

Erla: Úthlutanir úr A-deild seinni hluta ársins og þarf að eiga fyrir því.

### **Kl. 11:45 Gjöf til vinnudeilusjóðs**

Þeir sem eiga að taka til máls um þennan lið eru ekki allir mættir svo þessum lið er honum frestað fram yfir hádegishlé.

### **Hádegismatur kl. 12:00 – 12:45**

### **Kl. 12:55 Gjöf til vinnudeilusjóðs**

Félag framhaldsskólakennara hið fyrra, sem var innan gamla KÍ, gaf vinnudeilusjóði gjöf. Sigurður Ingi Andr sson sk yrði tildr g gjafarinnar, en f đ var gj f norr enna kennaraf laga   verkfalli og var hugsað til styrktar verkmenntakennurum. Gj fin var  ll inneign f lagsins sem var    ttundu millj n kr na.

### **Kl. 13:00 L g ir   launam lum? Oddur Jakobsson hagfr đingur K **

Oddur r ddi um sk rslu SALEK (Samstarfsnefnd um launauppl singar og efnahagsforsendur kjarasamninga) um launa r un. Laun kvenna hafa h kka  meira en laun karla   t mabilinu sem sk rslan tekur til, n v. 2006 til sept. 2014, launabil hefur minnka , laun stj rnenda hafa h kka  minnst.

Oddur rakti almenna launa r un fr  2006. Hann rakti einnig st đu samningam la st rstu h panna   vinnumarkaðnum   dag. St rir h par eru   fara fram   umtalsver ar h kkanir og samninga til 1-3  ra.

Dagvinnulaun framhaldssk lakennara   r kisreknnum framhaldssk lum f r  r kr. 396.000   byrjun 2014   456.000   lok  rs 2014. Heildarlaun framhaldssk lakennara   r kisreknnum framhaldssk lum f r  r kr. 523.000   byrjun 2014   698.000   lok  rs 2014. Þ  ver ur   hafa   huga   inni   þessum t lum eru stj rnendur   FS. Þegar þeir eru teknir  t l kkar þessar t lur l klega um u.þ.b. 2%.

Oddur segir   stundum s  því haldi  fram   kennarar   st rri sk lum s u me  h rri laun. Hann sko a i þetta og komst   því   einhver tilhneiging s  til þessa. Þ  er það svo   b ði h stu launin og l gstu launin eru   sk lum me  u.þ.b. 10 st đuugildi.

F rir verkfall var munurinn   dagvinnulaunum FF og BHM 18,2%, en n na er munurinn 6,6%.

Erfitt er   f   rei anlegar uppl singar um laun grunnsk lakennara, en   því best ver ur s đ eru grunnsk lakennarar me  nokkrum pr sentum l gri laun. Eftir   h kkun f rir n ytt vinnumat kemur inn ver a grunnsk lakennarar me  6,3% h rri laun en framhaldssk lakennarar.

### **Kl. 13:00 Frambo  til s tis   varastj rn FF kynnt**

Gu j n Ragnar J nasson kynnti frambo in. Þr r g fu kost   s r: Baldur J. Baldursson, T knisk lanum, Baldvin Bj rgvinsson, Fj lbrautask lanum   Brei holti og Gu j n H. Hauksson, Menntask lanum   Akureyri.

Frambj đendurnir þr r kynntu stuttlega s n helstu stefnum l.

### **14.00 Kosning   emb tti varamanns   stj rn FF h fst og st đ til 14.30**

#### **14.05 Sta an og landslagi    samningam lum – Gu r đur Arnard ttir forma ur FF**

Gu r đur f r yfir st đuinni almennt   samningam lum og rakti s rstaklega st đuuna hva  var ar m gulega samninga um vinnumat. Stj rn FF og samninganefnd eru samm la um   halda  fram me  samninga um vinnumat og telja það besta kostinn   st đuinni, enda s  vi semjandinn varla tilb inn til   semja um umtalsver ar h kkanir  t fr   ðrum ramma.

#### **14:15 Vinnumat danskra framhaldssk lakennara – Reynir Þ r Eggertsson**

Nokkur st ttaf l g framhaldssk lakennara eru til   Danm rku. Me al þeirra eru **Uddannelsesforbundet** og **Gymnasieskolernes L rerforbund (GL)**. Eftir l g og samninga er skipting

vinnutíma hvers kennara í staðna kennslu, undirbúning, yfirferð og önnur störf alveg í höndum skólameistara og er mjög mismunandi.

Reynslan fyrstu 7 mánuði af nýjum ramma um vinnutíma framhaldsskólakennara:

Bundnari kennsla, meiri tími fer í kennslu

Þurfa að vinna meiri yfirvinnu sem er venjulega ekki greidd

### **Meðal áhrifaþátta, skv. skoðanakönnun meðal félagsmanna í Uddannelsesforbundet**

Aukið vinnuálag

Of lítill undirbúningur kennslu

Slæmt skipulag á verkum

Skortur á forgangsröðun

Merki um atgervisflóttu

**Hjá Gymnasieskolernes Lærerforbund (GL)**, sem flestir eru kennarar í bóknámsskólum:

Nýr kjarasamningur var undirritaður 6. febrúar síðastliðinn. Hann er umdeildur í stjórn og fulltrúaráði GL.

### **GL-samningur 2013**

Skólastjórnendur fengu full yfirráð yfir vinnutíma kennara.

Stjórn og fulltrúaráð GL mæltu gegn samþykkt samningsins.

### **GL-samningur 2015**

Krafa:

Bindandi viðmið um skiptingu vinnutímans. Þessi krafa náðist ekki í gegn.

Samkomulag um "tímaskráningu", sem er ekki bindandi. Tímaskráningin skilgreinir störf kennarans nánar.

GL-samningur 2015 bætir að nokkru samning frá 2013, en engin skýr föst viðmið eru komin um vinnutíma framhaldsskólakennara. Skipting er enn alfarið í höndum stjórnenda.

### **14.25 Umræður**

Lilja úr MS, í samninganefnd, taldi umræðu um vinnumatíð óþarflega neikvæða, fólk óttast breytingar.

Brynjólfur úr MA, í samninganefnd, tók undir orð Lilju. Við þurfum að hafa viðsemjendur í huga. Hann hefur aldrei verið hrifinn af hugmyndinni af greiningu vinnuálags skv. kennslugreinum. En nýja kerfið sem ný lög byggjast á gerir ráð fyrir nýjum ramma. Ef við semjum ekki núna, þá verðum við aftast á listanum um samningsaðila, en fáum samt á okkur vinnumat. Hann benti á ástandið í dönskum framhaldsskólum þar sem vinnumat var einhliða framkvæmt, en þar er mikil óánægja meðal kennara. Hann vill reyna að laga ákveðin atriði í vinnumatinu og greiða aftur atkvæði.

Knútur Hafsteinsson sagðist treysta mati þeirra kennara sem eftir umhugsun ákváðu að fella vinnumatíð.

Gylfi Þorkelsson sagði að ekki ætti að stressa sig á fyrirsögnum í fjölmiðlum [eftir umfjöllun um slíkt fyrr um daginn], það sé venjulega ónákvæmt og hafi litla merkingu. Hann sagði að það væri ljóst að umtalsverður hópur kennara væri ekki sáttur við að selja gamla kerfið fyrir 11%. Hann var ósáttur við að sagt væri að það væri bara ein leið í boði í samningaferlinu.

Guðbjörn úr FB telur að vinnumat sé á leiðinni inn í skólana í einhverju formi. Hann vill því reyna að semja út frá vinnutímaumgjörð.

Hermann Jón Tómasson úr VMA ræddi umræður í sínum skóla um vinnumatið. Umræðan í skólanum var ekki jákvæð. Skv. skoðanakönnun sem hann gerði um viðhorf þeirra kom fram að um 70% kennaranna hefðu samt sagt að þeir teldu heppilegast að halda áfram vinnu út frá vinnumatsleið, þrátt fyrir það að hann telji að talsverður hópur þeirra hafi fellt samninginn. Hann taldi umræðuna um þessa miklu breytingu hafa verið of litla vegna tímaskorts.

Kjartan úr Kvennaskólanum ræddi um viðbrögðin við samningnum sem var felldur. Stíft fundað í samninganefnd og stjórn um stöðuna, hreinskilnislegar umræður þeirra sem voru með og á móti samkomulagi. Sameiginlegur grundvöllur hefur verið fundinn. Viðræðunefnd er á fullu nú að finna ásættanlega niðurstöðu.

Sólveig Ebba úr MK, í samninganefnd, sagðist vera stolt af því að vera í nefndinni og stolt af því að tilheyra stétt kennara. Hvað varðar áframhaldið telur hún að sú leið sem nú sé verið að fara í samningamáli sé ekki endilega eina leiðin, en hins vegar sú sem nefndin hefur ákveðið að fara. Hún nefndi mikilvægi þess að hækka grunnlaunin, frekar en heildarlaunin, að hugsa í árslaunum frekar en stökum mánaðarlaunum.

Guðlaug í MH sagði frá fundi í MH sem var haldinn fyrir atkvæðagreiðsluna. Mikil óánægja kom fram á þeim fundi en umræður voru góðar og ýmis atriði skýrðust betur. Hún vill áfram vinna með vinnumatið og að við stöndum saman og það sjáist út á við.

Snædís Snæbjörnsdóttir úr FG var ekki sátt við umræðuna í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar. Hún taldi okkur eiga að vera fyrirmynd og hvatti alla til að gæta sín í samskiptum, þ.m.t. á samskiptamiðlum. Hún ræddi um skoðanir kennara í sínum skóla, taldi afar mismunandi af hvaða ástæðum fólk samþykkti samninginn eða hafnaði honum. Hún vildi átta sig betur á ástæðum þess hvernig atkvæðagreiðslan fór. Hún velti upp nýju vinnumati, taldi í lagi að hafa einhvern matsmun skv.greinum, fannst ekki augljóst að núverandi kerfi væri sanngjarnt.

Ingvar Magnússon FMV á Sauðárkróki taldi að stjórn og samninganefnd mættu hlusta meira eftir skoðunum hins almenna félagsmanns. Hann sagði frá fundi kennara á Sauðárkróki. Á fundinum taldi fólk vinnumatið ekki koma mjög vel út fyrir sig og ljóst að fólk hefur áhyggjur af nýju umgjörðinni. Hann las upp samþykkt frá fundinum. Þar var hvatt til þess að endurskoða umgjörðina alveg frá grunni, enda væri umgjörðin eins og hún liggur fyrir mjög óljós fyrir kennara. Nauðsynlegt væri að kjaraumgjörð einstakra kennara sé ljós fyrirfram.

Hólmfríður úr Flensborg stakk upp á að nota hugmynd um skoðanakönnun, nýta sér hana til að samninganefnd og stjórn geti áttað sig betur á því hvað hinn óbreytti félagsmaður vilji.

Ívar úr Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ sagði að þau hefðu verið spennt fyrir nýju vinnumati, sérstaklega 7. greininni, enda margir kennarar að búa til kennsluefni. Þau séu bjartsýn til framtíðar, treysti á að bætt verði úr agnóum.

Reynir Þór svaraði fyrirspurnum, m.a. um mat sem hann gerði fyrir marga kennara skv. fyrirbyggjandi samningi. Ýmis konar misskilningur kom upp, m.a. um hvernig yfirvinna var reiknuð.

Benedikt úr Tækniskólanum sagði að það hefði farið í taugarnar á fólki hvernig lagt var upp með vinnumatið í haust og síðan hver niðurstaðan var. Fólk mat sig í haust út frá 7. grein, en síðan datt það allt út. Það vanti ákveðið traust í stöðunni.

#### **Kl. 15:35 Niðurstaða kosninga**

Lilja tilkynnti niðurstöðu atkvæðagreiðslu um sæti í varastjórn. Niðurstaðan var eftirfarandi:

Guðjón H. Hauksson, Menntaskólanum á Akureyri 32 atkvæði

Baldur J. Baldursson, Tækniskólanum 11 atkvæði

Baldvin Björgvinsson, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti 2 atkvæði

Engir seðlar auðir eða ógildir.

Guðjón H. Hauksson mun því taka sæti í varastjórn.

#### **15.50 Önnur mál**

Guðríður ræddi umræður á fundinum og stöðuna í dag. Hún telur mikilvægt að reyna að ná fram samningum í vor. Hún ræddi um 7. greinina. Vonandi verði eitthvað nýtt í sambandi við þau atriði í nýjum samningi. Guðríður gerði óformlega könnun á því hverjir fundarmanna séu sammála því að verið sé að vinna að nýjum samningi út frá ramma vinnumats. Samkvæmt handauppréttingu var meirihluti fundarmanna sammála.

#### **Fundarslit kl. 16.03**

##### **Fundarritarar:**

Einar Trausti Óskarsson og Guðrún Guðjónsdóttir